

REGLUR

um afmælistjóð Ríkisútvarpsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir afmælistjóður Ríkisútvarpsins, og er stofnaður með framlagi Ríkisútvarpsins á 25 ára afmæli þess með einni milljón króna, er greiddist á árunum 1956 til 1961.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er annars vegar að styrkja ýmsar rannsóknir og listræn störf í þágu útvarpsins og útvarpsdagskrárinnar og hins vegar að veita verðlaun eftir á fyrir tiltekna, merka dagskrárliði.

3. gr.

Árlega má veita vexti sjóðsins, allt að 60 þúsund krónur, þannig: allt að þremur fjárveitingum, hver 10—20 þúsund krónur, fræðimanni, skáldi og/eða tónskáldi, til þess að vinna að erindaflokki eða flokkum, skáldverki eða þýðingum eða tónverki, er síðar verði frumflutt í Ríkisútvarpinu og þess eign til áframhaldandi flutnings, ef ástæða þykir til. Fjárveitingu þá, sem fólgin er í vöxtum sjóðsins, sbr. upphaf þessarar greinar, má, ef ástæða þykir til, veita í einu eða tvennu lagi. Skal það þó eigi gert oftar en fjórða hvert ár. Þá má enn fremur veita úr sjóðnum til þess að fá erlenda gesti til útvarpsins. Veita skal að jafnaði fyrst og fremst einstaklingum, en ef sérstök ástæða er til, má veita til félagsheilda eða framkvæmda, sem fullnægja tilgangi sjóðsins.

4. gr.

Allt að 10 þúsund krónum af vöxtum sjóðsins má verja árlega til þess að verðlauna tiltekið útvarpsefni liðins árs, sem þótt hefur skara fram úr að efni eða efnismeðferð, 1—5 þús. krónur fyrir hvert, eða fyrir rit eða rannsóknir, er varða útvarpið eða útvarpsmál og framkvæmdir.

5. gr.

Útvarpsstjóri hefur á hendi stjórn og fjárreiður sjóðsins og ákveður fjárveitingar úr honum, sbr. 3. og 4. gr. Hann leitar álits útvarpsráðs um fjárveitingar þær, sem um ræðir í 3. gr., og getur einnig, ef honum þykir ástæða til, leitað álits sérfræðinga innan eða utan útvarpsins. Um verðlaunin samkv. 4. gr. skal hafa samráð við útvarpsráð að því er varðar fyrirkomulag, auglýsingu og úthlutun.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja öðrum reikningum Ríkisútvarpsins og vera endurskoðaðir með þeim.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. desember 1956.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ásgeir Pétursson.